

# Athugasemdir við breytingu á skipulagi

## Dalvegur 32.

### Hæð bygginga.

Hæð bygginga er óheyrilegt, 19 - 21 metri sem samsvarar hæð á átta hæða blokk í Engihjallanum. Fyrsta hæðin byrjar að telja í hæðarpunkti sem nemur við þakið á Dalvegi 32b.

### Umhverfismat.

Er búið að kanna hvaða áhrif veðurfarslega þetta hefur með að leyfa hækkun á húsinu upp 6 hæðir eins og ( skjólmyndun, sviptivindar, skuggamyndun og snjómyndun).

Með aukni umferð um Dalveginn má gera ráð fyrir að styrkur svifryks í andrúmsloftinu komi til með að aukast á umræddu svæði við ákveðin skilyrði, hefur verið gerðar nýjar mælingar á því og hvernig verður þetta í framtíðinni með öllu þessu auknu byggingarmagni og umferð á þessu svæði. Samkvæmt skýrslu frá Mannvit þá er það mögulegt að sólarhringsgildi fyrir svifrik við íbúarhús næst Dalvegi, við Lækjarhjalla og Skógarhjalla fari nokkrum sinnum á ári yfir heilsuverndarmörk er eitthvað sem hægt er að gera til að draga úr því eins og með reglulegu þrifi. ( sópun – þvotti -sópun)

### Útlit og hönnun húsa.

Eins og fram kom á íbúðarfundi þá verði ytra byrði húsanna úr efnum sem hindra endurkast á hljóði upp í byggðina. Gerð verður krafa til verktaka að hönnun húsanna verði í samræmi við væntingar bæjarstjórnar og verði okkur til sóma.

### Hljóðgöng.

Íbúar hafa fundið að hávaði hefur aukist í hverfinu. Krefjast skal mótvægisáðgerða í byggingarleyfi til að hindra hljóðtrekt milli húsa a-b og b-c.

Hljóðvist þarf að batna en ekki versna. Það er bara ekki nægilegt að nota líkanareikning þegar reynslan sýnir aukinn hávaða.

### Bílastæði á lóð.

Fjöldi bílastæða er ófullnægjandi miðað við þróun á Dalvegi 30 þar sem öll stæði eru nú yfirfull og húsið ekki komið í fulla notkun.

### Ljósmengun.

Það þarf að hafa deiliskipulag að óheimilt er að hafa upplýsanleg skilti sem snúa að íbúðarhverfinu og slökkt sé á lýsingu eftir kl 22:00 á kvöldin.

**Á framkvæmdartíma** þarf að vera þvottastöð fyrir efnisflutninga bifreiðar, það er ekki í boði að íbúar Kópavogs borgi fyrir sóðaskap verktakans með auknum þrifum á Dalvegi.

Ekki leyfa framkvæmdir við sprengingar og öðrum háværum vinnuvélum á laugar - sunnudögum sem eru líklegar til að valda óþægindum fyrir næstu íbúa.

## Dalvegur 30.

### Ljósmengun.

Slökkva á öllum skiltum sem snúa að Dalvegi, einnig þarf að fara fram á við húseiganda að slökkva á ljós í byggingunum eftir kl 22:00 á kvöldin.

### Gagnaver.

Upplýst var á kynningarfundinum að fyrirhugað er að setja upp gagnaver. Gagnaveri fylgir mikill hiti sem þarf að fjarlægja. Setja þarf í byggingarleyfið takmörkun á hitaútbæstri og hávaðamengun.

**Á framkvæmdartíma** þarf að vera þvottastöð fyrir efnisflutninga bifreiðar, það er ekki í boði að íbúar Kópavogs borgi fyrir sóðaskap verktakans með auknum þrifum á Dalvegi.

## Umferðarmál – vegtengingar.

Á kynningarfundinum voru notaðar mælingar frá 2019 í stað þess að nota nýjustu mælingar. Árið 2023 var umferð á Dalveginu mæld hvern einasta dag ársins, fram kom á fundinu að ekkert mark takandi á nýjustu mælingum frá 2023. Er þetta merki um óvönduð vinnubrögð við mælingar á umferðinni eins og ítrekað hefur verið bent á. Við viljum réttar mælingar sem hægt er bera saman og byggja á, enn eru ekki komnar niðurstöður í umferðarlíkanið sem er ábyggilegt.

Klára þarf brú milli lóða Dalvegs 30d og Teits Jónassonar.

Setja í forgang vegtengingu milli Reykjanesbrautar og Dalvegar.

### Lækka leyfðan hámarkshraða.

### Vinstri beygjur á Dalvegi.

Endurskoða þarf vinstri beygju á Dalvegi 30 við vegamótin inn á Dalveginn mikið er um að bílar séu að svína fyrir bifreiðar við það að taka vinstri beygju.